



Sláturfélag Suðurlands svf.

Ágæti félagsmaður,

Reykjavík 6. jan. 2026

Efni : Hlutdeild til félagsmanna og vextir á A deild ofl. vegna ársins 2025

Ég óska þér gleðilegs árs og þakka viðskiptin á því gamla.

Það er ánægjulegt að segja frá því að á stjórnarfundum SS 12. desember síðastliðinn var samþykkt að ráðstafa til bænda, umfram það sem þegar hefur verið gert, 100 mkr. greiðslu sem viðbót sem skiptist hlutfallslega á allt afurðainnlegg ársins 2025.

Þessar 100 mkr. nema um 3,4% ofan á það sem þegar hefur verið greitt fyrir afurðainnlegg liðins árs. Greiðsludagur er 23. janúar næstkomandi.

Auk þessa var samþykkt að leggja fyrir aðalfund tillögu um að greiða 15% vexti auk verðbóta á A deild stofnsjóðs. Tillagan er því að greiða 15% raunvexti ofan á stöðu A deildar um áramót sem var um 492 mkr.

Hæstu vextir á verðtryggðum bundnum reikningum í bönkum eru 2,7%. Tillagan er því að greiða 12,3% umfram það sem þýðir að vextir sem leggjast við A deildina verða 61 mkr. umfram það sem best fæst á bundnum innlánsreikningum.

Miðað við að þessi tillaga verði samþykkt þá er með þessum tvennum hætti verið að færa um 161 mkr. beint til félagsmanna.

Auk þessa var samþykkt að leggja til framlag 10 mkr./ári í tvö ár til bænda við stuðning við notkun á kyngreindu sæði í ungneitarækt. Einnig var samþykkt að leggja til framlag 10 mkr./ári í tvö ár við stuðning við notkun á rafrænum merkjum í sauðfé. Eftir er að útfæra hvernig stuðningur við kyngreint sæði og rafræn merki í sauðfé verður.

Í heild eru því um 181 mkr. sem Sláturfélagið er að leggja til í ofangreind atriði.

Við þetta má bæta að SS hefur tilkynnt Mast að félagið sé tilbúið að styðja upptöku á norsku aðferðinni við kjötmat með 10 mkr. styrk miðað við að hún verði tekin upp næsta haust.

Með þessu vill félagið sýna í verki að hagur þess og bænda fer saman og félagið er í eigu bænda og fyrir bændur.

Með kveðju,